

ELDI Á BLEIKJUSEIÐUM OG BORRA Í FELLSMÚLA, RANGÁRÞINGI YTRA

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að eldi á allt að 100 tonnum af bleikjuseiðum og 250 tonnum og borra á ári, í Fellsmúla, Rangárþingi ytra, á vegum Íslenskrar matorku ehf., sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Rangárþings ytra skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Íslensk matorka ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 21. febrúar 2012.

INNGANGUR

Þann 12. desember 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning Íslenskrar Matorku ehf. um eldi á bleikjuseiðum og borra í Fellsmúla, Rangárþingi ytra samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 1 g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Rangárþings ytra, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Rangárþingi ytra með bréfi dags. 10. janúar 2012, Fiskistofu með bréfi dags. 10. janúar 2012, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 16. janúar 2012, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 12. janúar 2012 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 6. janúar 2012. Frekari upplýsingar bárust frá Íslenskri Matorku ehf. með bréfi dags. 15. janúar 2012 og tölvupósti þann 18. janúar 2012.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhugað framkvæmd. Fram kemur að Fiskeldisstöðin í Fellsmúla hafi verið rekin á grundvelli starfsleyfis frá árinu 2000 er heimili eldi á 60 tonna ársframleiðslu af urriða- og laxaseiðum en utan þess hafi hafist þar bleikjueldi. Nú sé lífmassi stöðvarinnar um 13 tonn af bleikjuseiðum og borra. Framleiðslan á árinu 2011 verði um 12 tonn af bleikju og 15 tonn af borra. Fyrirhugað sé að stækka stöðina þannig að framleiðsla geti orðið 100 tonn af bleikjuseiðum og 250 tonn af borra. Meðallífmassi á hverjum tíma verði um 30 tonn af bleikju og 85 tonn af borra eða samtals um 115 tonn.

Fram kemur að bleikjuhrogn komi frá Hólum í Hjaltadal og bleikjuseiði frá Stofnfiski. Klakfiskur borra sé til staðar í stöðinni og mánaðarlega séu framleidd hrogn.

Á lóð fyrirtækisins séu tveir byggingareitir annars vegar um 1.700 m² og þar sé fyrirhugað að byggja um 300 m² gróðurhús, sem lið í nýtingu og hreinsun frárennslis og hins vegar um 13.000 m² reitur fyrir fiskeldisker og tengda starfsemi. Nýr búnaður að danskri fyrirmynd, svokölluð lengdarstraumsker, verði notaður til að auðvelda endurnýtingu vatnsins og lágmarka úrgang í frárennslis.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að ala bleikjuseiði og borra.

Fiskeldið. Fram kemur að kjörhitastig borra sé 27° C. Ef hitastig vatnsins fari undir 19° C þá hraki honum hratt og drepist við 12-15° C og lifi því ekki í íslenskri náttúru. Þá sé borinn þekktur fyrir að hafa fáa sjúkdóma og fátíða. Borri fjölgi sér allt árið og nái sláturstærð á 6 til 8 mánuðum. Heildareldistími bleikju sé hins vegar um 18 - 20 mánuðir.

Fram kemur að bleikja og borri séu ólíkar tegundir í fódurþörf. Bleikjan þurfi fóður með vel yfir 30% af fiskimjöli og með allt að 40% próteini en borranum, samkvæmt fódurþróun Íslenskrar Matorku, henti best 30% af repju og 7% af fiskimjöli. Próteininnihald fódursins fyrir borra sé um 30% og jafnvel lægra. Verið sé að undirbúa breytingu á stöðinni þannig að frárennslis frá bleikju fari yfir á eldissvæði borrans og með því sé verið að fullnýta fódurleifar frá bleikju sem annars færu út sem grugg í frárennslis. Endurnýting á vatni sé hafin í stöðinni sem felist í því að vatnið fari nokkrum sinnum í gegnum stöðina.

Fráveita og úrgangur. Fram kemur að frárennslis frá fiskeldisstöðinni sem fari út í Minnivallalæk (3000 l/sek) verði um 160 l/s og muni ekki hafa áhrif á hitastig eða aðra þætti í læknum þar sem þynningin verði 18 föld. Fram kemur að fyrirhugað sé að gera miklar endurbætur á setþró með því að setja upp lengdarstraumsker með hvirfilsium og trektum þar sem grófur lífrænn úrgangur sé felldur frá og fari í tanka. Einnig sé fyrirhugað að setja upp gróðurhús þar sem frárennslis frá fiskeldinu verði nýtt við ræktun. Fram kemur að nitur (N) í frárennslis sé 31,2 kg/tonn af framleiddum fiski í hefðbundnu fiskeldi en 20 kg/ tonn í fiskeldi

sem byggir á þeirri nýju tækni sem ætlunin er að koma upp við hreinsun frárennslisins, eða 35% lækun. Að sama skapi sé gert ráð fyrir að fosfór (P) lækki um 62% og BOD um 95%. Fram kemur að allur lífrænn úrgangur sem muni falla til t.d. fódurleifar og dauðir fiskar verði fargað í þar til gerða viðurkennda förgun. Öll eldisker sem staðsett séu úti séu varin með dúk eða neti þannig að vargfugl geti ekki stungið sér niður í kerin. Hreinsivirki í setþró sé lokað og hvorki vargfugl eða önnur villt dýr hafi þar aðgang.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að lóð fiskeldisstöðvarinnar sé skilgreind í aðalskipulagi sveitarfélagsins 2010-2022 sem iðnaðarsvæði. Fram kemur að starfsemi stöðvarinnar hafi verið með óbreyttu sniði í 26 ár og núverandi bygging og fiskeldisker hafi alltaf staðið á bakka Minnivallalækjar. Staðsetning mannvirkjana sé ekki í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 þar sem fjarlægð frá bakka Minnivallalækjar sé langtum minni en 50 m. Einnig sé umferð almennings hindruð meðfram læknum. Framkvæmdaraðili telji framangreind ákvæði ekki eiga við þar sem fiskeldisstöðin hafi fengið byggingaleyfi og verið starfrækt án athugasemda í 26 ár. Vegna mikillar sýkingarhættu úr villtum fiski í eldisfisk sé framkvæmdasvæði fiskeldisstöðva ávallt afgirt og lokað öllum óviðkomandi þar með talið sé umferð veiðimanna um árbakkann. Í aðalskipulagi sveitarfélagsins sé staðsetning mannvirkja samþykkt án athugasemda og án takmarkana varðandi núverandi eða fyrirhugaða starfsemi.

Sjónræn áhrif. Fram kemur að megin byggingaframkvæmdin felist í að reisa 300 m² gróðurhús og gerð jarðvegsmanar við hlið þess, til að nýta jarðveg sem fellur til við byggingu þess og hlífa húsinu við norðanátt. Talið er að ljósmengun frá gróðurhúsinu verði óveruleg þar sem það verði á bakvið jarðvegsmön séð frá bæjunum í Fellsmúla, Króktúni og Skarði. Einnig verði byggð eldisker og tengd starfsemi innan lóðarinnar.

Áhrif á vistkerfi Minnivallarækjar. Fram kemur að í Minnivallalæk veiðist urriði en einnig örfáir laxar og bleikja og staðfest að sjóbirtingur hrygni þar. Frárennsli fiskeldisstöðvarinnar fari í Minnivallalæk er falli í Þjórsá 13 km neðar. Rennsli í læknum sé um 3000 l/s og komi allt úr lindum en vatnshiti hafi mælst á bilinu 4,9°C ó 12,4°C eftir árstíma og hvar í læknum var mælt. Veiðiréttarhafi telji jákvætt fyrir fisk í læknum að næringarefni berist frá fiskeldinu í lækinn þar sem hann sé mjög næringarefnasauður.

Fram kemur að með bættri nýtingu á vatni og hreinsun á frárennsli þurfi hvorki að auka vatnstöku til fiskeldisins né valda aukinni úrgangslösu í Minnivallalæk, þó framleiðsla verði aukin verulega frá því sem nú er.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að friðlýstar fornminjar eða svæði sem falli undir hverfisvernd sé í 1.000 m fjarlægð frá fiskeldisstöðinni og því ekki í hættu.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að í aðalskipulagi sé lóðin skilgreind sem iðnaðarlóð og í nýgerðu deiliskipulagi lóðarinnar sé gerð grein fyrir núverandi byggingum og möguleikum til atvinnuuppbyggingar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Rangárþings ytra, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á landslag. Umhverfisstofnun bendir á að við hönnun mannvirkja sé þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands og hvetur til notkunar íslenskra tegunda í trjárækt á svæðinu.

Áhrif á vistkerfi Minnivallarækjar. Fiskistofa bendir á að bleikja hafi lengi verið alin í Fellsmúla en borri, sem fyrirhugað er að ala í stöðinni sé erlend tegund sem hafi 27°C kjörhita. Samkvæmt skýrslu framkvæmdaraðila þrífist hann illa, ef hitastig fer undir 19°C og

drepst við 12-15°C. Umrædd tegund geti því hvorki tímgastr né þrífist í íslenskri náttúru og miðað við þá endurnýtingu á vatni, sem fyrirhuguð er og notkun afrennslisins í gróðurhúsi, verði að telja litlar líkur á að borri berist út úr stöðinni. Borri hafi verið fluttur inn undir eftirliti fisksjúkdómanefndar og verið háður sóttkví í ákveðinn tíma. Með tilliti til ofangreindra forsendna telur Fiskistofa að áhrif þessarar starfsemi á hagsmuni í veiðimálum í Minnivallalæk verði mjög léttvæg.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að það hafi kynnt sér umræddan rekstur á vettvangi og vandaða skýrslu Matorku um verkefnið og að fyrirtækið sé með tilskilin starfsleyfi m.a. frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun bendir á að vegna breytilegs hitastigs í Minnivallalæk og mögulegra aukinna áhrifa jarðhita sé ekki hægt að útiloka að lífvænleg skilyrði geti skapast fyrir borra í læknum.

Í svörum Íslenskrar matorku ehf. kemur fram að hægt sé að fullyrða að borinn muni aldrei lifa í ánni þó seiði sleppi út þar sem hitastig árinna haldist aldrei stöðugt í hæsta mældu gildi hennar. Borinn drepist þegar hitastig í vatni fari niður í 12-15°C og þó að einstaka mælistaðir á einum heitum sumardeggi hafi náð 12,4°C gefi það ekki sterka vísbendingu um að borri lifi af í ánni því hitastig árinna falli yfir nóttina. Borinn gæti fræðilega lifað af við 12°C í örfáar klukkustundir en hann tímgastr ekki í hitastigi undir 20°C og gæti því aldrei fjölgað sér í ánni.

Umhverfisstofnun bendir á að stafsleyfi fyrir fiskeldi í Fellsmúla hafi runnið út 20. apríl 2010 og nýtt leyfi, fyrir allt að 20 tonna framleiðslu, hafi verið gefið út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 27. október 2011. Hinsvegar komi fram í kynningarskýrslu að framleiðsla í stöðinni árið 2011 hafi verið 12 tonn af bleikju og 15 tonn af borra og því meiri en starfsleyfi heimilar.

Í svörum Íslenskrar matorku ehf. kemur fram að stöðin hafi haft starfsleyfi frá Hollustuvernd til framleiðslu á 60 tonnum af urriða- og laxaseiðum, en starfsleyfið hafi runnið út í apríl 2010. Bleikja hafi hins vegar verið komin í stöðina löngu áður en Íslensk matorka ehf. keypti hana og ákvað að hætta framleiðslu laxa- og urriðaseiða en jók við bleikjuframleiðslu ásamt því að taka inn borra.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitti stöðinni starfsleyfi til framleiðslu á eldisfiski í október s.l., allt að 20 tonn á ári. Ástæða þess að sótt var fyrst um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands voru eftirfarandi: 1) Framleiðsluhraði borra er 3-4 sinnum hraðari en bleikju og því fljótlegt að bæta við fáum tonnum í framleiðslu. 2) Vitað var að umsóknarferli um aukið starfsleyfi þar sem bæði Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun þyrftu nokkrar vikur og jafnvel mánuði í ferlið var of langur tími fyrir stöðina sem var í framleiðslu án starfsleyfis. Því var það mat aðstandenda Íslenskrar matorku ehf. eftir samtöl við sérfræðinga t.d. á Umhverfisstofnun að best væri að sækja fyrst um starfsleyfi undir 20 tonna framleiðslu til að stöðin hefði starfsleyfi sem hægt væri að sýna vegna útflutnings.

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð starfsemi muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif verði notuð sú hreinsitækni sem kynnt er í tilkynningu framkvæmdaraðila *šauk þess sem tryggt verði að ekki komi upp hætta á smiti lifandi fiska eða sjúkdómsvalda út í íslenska náttúru.*

Áhrif á menningarmínjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að eftir því sem hún kemst næst hafi ekki verið leitað að fornleifum á lóð fiskeldisstöðvarinnar en það muni verða gert þegar snjóla leysi. Komi fornleifar í ljós á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þarf að gera Fornleifavernd ríkisins grein fyrir niðurstöðum fornleifaskráningar og áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifarnar. Stofnunin mun í framhaldinu ákveða til hvaða mótþægisáðgerða

skuli gripið vegna fornleifanna. Fallist framkvæmdaraðili á að láta skrá fornleifar á lóð fiskeldisstöðvarinnar, ef það telst nauðsynlegt og er jafnframt tilbúinn að lúta þeim skilyrðum um mótvægisáðgerðir vegna fornleifa sem Fornleifavernd ríkisins kann að setja vegna fyrirhugaðra framkvæmda á lóðinni telur Fornleifavernd ríkisins að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum Íslenskrar matorku ehf. kemur fram að fallist er á tillögu Fornleifavernd ríkisins um könnun á því hvort einhverjar fornminjar er að finna á lóð félagsins og ef svo reynist verði farið eftir fyrirmælum samkvæmt þjóðminjalögum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða stækkun á fiskeldisstöðinni í Fellsmúla, Rangárþingi ytra, sem hefur verið rekin á grundvelli starfsleyfis frá árinu 2000 er heimilaði eldi á 60 tonna ársframleiðslu af urriða- og laxaseiðum en þar að auki hefur verið þar eldi á bleikju. Starfsleyfið rann út í apríl 2010 en nýtt starfsleyfi var gefið út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í október 2011. Nú er lífmassi stöðvarinnar um 13 tonn af bleikjuseiðum og borra en fyrirhuguð stækkun hefur í för með sér að framleiðsla getur orðið 100 tonn af bleikjuseiðum og 250 tonn af borra á ári. Meðallífmassi á hverjum tíma í fullbyggðri stöð verður um 30 tonn af bleikju og 85 tonn af borra. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Áhrif á núverandi landnotkun. Skipulagsstofnun bendir á að staðsetning byggingareita sé ekki í samræmi við ákvæði gr. 4.15.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem fjarlægð frá bakka Minnivallalækjar er minni en 50 m. Einnig er umferð almennings hindruð meðfram læknum sem er ekki í samræmi við 23. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Stofnunin bendir því á að kannaðir verði möguleikar á því að fá lóðamörkum breytt og stefnt að því að stöðin verði færð fjær árbakkanum í samræmi við ákvæði laga. Vakin er athygli á að vatnsöflun fer fram úr borholum innan lóðar fyrirtækisins, þar eru einnig rotþrær og siturlagnir, en í drögum að deiliskipulagi er ekki gert ráð fyrir vatnsverndarsvæði vegna borholanna sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001. Þá er bent á að hugað verði að því að lágmarka hugsanlega ljósmengun frá gróðurhúsinu.

Áhrif á vistkerfi Minnivallalækjar. Skipulagsstofnun telur að áhrif stækkunar stöðvarinnar á vistkerfi Minnivallalækjar verði ekki veruleg ef fylgt verður þeim áformum er varða endurnýtingu vatns og hreinsun þess sem framkvæmdaraðili gerir grein fyrir í tilkynningunni.

Líkur á því að borri geti lifað af í Minnivallalæk ef hann sleppur út eru mjög litlar, þó ekki sé útilokað að einhversstaðar streymi það heitt vatn út í lækinn, sbr. breytilegt hitastig sem mælt hefur í honum, að borri gæti lifað þar af. Hins vegar eru umhverfisaðstæður á svæðinu með þeim hætti að ekkert bendir til þess að borri geti tímgastr ná hann á annað borð að sleppa út og lifa í einhvern tíma. Undirstrikað er að í starfsleyfi felist vöktun á virkni hreinsibúnaðar frárennslis og áhrifa reksturs fiskeldisstöðvarinnar á vistkerfi Minnivallalækjar sem framkvæmdaraðili stefnir á að verði óveruleg.

Áhrif á menningarminjar. Skipulagsstofnun tekur undir það sem fram kemur í umsögn Fornleifaverndar ríkisins um nauðsyn þess að kannað verði hvort fornleifar finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Ef fornleifar finnast fari framkvæmdaraðili að þeim skilyrðum um mótvægisáðgerðir sem Fornleifavernd ríkisins kann að setja vegna fyrirhugaðra framkvæmda á lóðinni.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Íslenskrar matorku ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara

gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að eldi á bleikjuseiðum, allt að 100 tonn á ári og borra allt að 250 tonn á ári, í Fellsmúla, Rangárþingi ytra sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Rangárþings ytra skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætлана.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Íslensk matorka ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 21. febrúar 2012.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson



Skipulags
stofnun